

1. Almennt

Laxar Fiskeldi ehf. (kt. 621205-1370), Hlíðasmára 4, 201 Kópavogi, sækir um endurnýjun á rekstrarleyfi vegna 6000 tonna hámarkslífmassa fyrir sjókvíaeldi á laxi í Reyðarfirði (FE-1195). Laxar Fiskeldi sótti um endurnýjun þann 10. september 2021.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru þau gögn sem stofnunin óskaði eftir vegna endurnýjunar rekstrarleyfis Laxa Fiskeldis ehf. skv. 14. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 7. apríl til 7. maí 2022 og barst ein athugasemd vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér gögn málsins og telur þau lögmætan grundvöll til endurnýjunar rekstrarleyfis.

2. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma vegna rekstrarleyfistillögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar

Matvælastofnun barst athugasemd frá einum aðila á auglýsingartíma. Athugasemdin var frá Jóni Kaldal fyrir hönd The Icelandic Wildlife Fund (IWF).

Hér á eftir fylgir úrdráttur úr erindi ofangreinds aðila og viðbrögð Matvælastofnunar við þeirri athugasemd sem þar koma fram og tilheyrta verksviði Matvælastofnunar.

Jón Kaldal fyrir hönd Íslenska náttúruverndarsjóðsins sendi inn athugasemd þann 6. maí 2022

- *Gerð er athugasemd um skaðsemi lúsa og meðhöndlunar vegna lúsa*

Laxeldi í sjókvíum á Austfjörðum hefur verið stundað nær samfelld í yfir 30 ár. Á löngum tímabilum hefur eldið verið í talsverðu umfangi í einstaka firði, þar sem Seyðisfjörður, Mjóifjörður, Reyðarfjörður, Eskifjörður, Fáskrúðsfjörður og Berufjörður koma við sögu. Árleg framleiðsla sláturfisks hefur yfirleitt verið mæld í þúsundum tonna og sl. þrjú til fjögur ár hefur framleiðslan verið á bilinu 10.000 til 17.000 tonn. Hvað varðar laxa- og fiskilús þá telur Matvælastofnun sig hafa nokkuð glögga mynd af þróun mála sem byggir fyrst og fremst á reynslu og áratuga löngu eftirliti á svæðinu. Í ljósi sögunnar fer ekki á milli mála að náttúrulegar aðstæður á Austfjörðum eru ólíkar því sem við eigum t.d. að venjast við Vestfirði, svo ekki sé minnst á önnur lönd þar sem víða má finna kjöraðstæður fyrir laxalús. Þessi munur er ekki hvað síst fölginn í grundavallaratriðum sem ráða miklu um möguleika á tímgun og viðgangi laxalúsarinnar. Líkt og annars staðar við landið þá berast nýjar kynslóðir laxalúsar með villtum göngulaxi frá vetrardvalarstöðum í hafi upp að Austfjörðum, en það er greinilegt að lúsin nær sér ekki á strik. Staða laxalúsar hefur ekkert breyst í austfirsku sjókvíaeldi á liðnum áratugum og enn í dag finnst vart laxalús á svæðinu. Á meðan þessi staða er óbreytt og engar vísbendingar uppi um breytta líffræðilega hegðun eða staðbundna fjölgun laxalúsar á Austfjörðum telur Matvælastofnun engin fagleg rök knýja á um sérstakar takmarkanir við útgáfu rekstrarleyfa á svæðinu með skírskotun til laxalúsar. Það er rétt ábending hjá IWF að fisksjúkdómayfirvöld hafa árlega veitt heimild til meðhöndlunar gegn sjávarlús, en vel að merkja, eingöngu í sjókvíaeldi á Vestfjörðum. Aldrei hefur komið til álita að framkvæma slíkar aðgerðir á Austfjörðum. Þessi staða endurspeglar með skýrum hætti þann mikla mun sem greinilega er á náttúrulegum aðstæðum á milli Vestfjarða og Austfjarða.

- *Gerð er athugasemd vegna blóðþorra (ISA)*

Sú staðreynd að veirusjúkdómurinn blóðþorri (laxaflensa) hafi í fyrsta sinn verið greindur hér á landi hjá Löxum fiskeldi í Reyðarfirði breytir í engu fyrri umsögnum Matvælastofnunar er varðar samspil veirusýkinga í laxeldi og villtrar náttúru. Þrátt fyrir tilvist veirunnar hafa neikvæð áhrif gagnvart villtum laxastofnum hvergi komið fram á heimsvísu. Jafnvel þó tekist hafi að einangra hið meinvirka afbrigði veirunnar (ISA HPR-deleted) í villtum laxi þá hafa slíkir fiskar aldrei sýnt klínísk einkenni við náttúrulegar aðstæður.

- Gerð er athugasemd vegna koparnóta og „skólpmengunar“

Úrgangslausun, vöktunaráætlun og eftirlit með umhverfispáttum fellur undir starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

- *Gerð er athugasemd um að með því að heimila sjókvíaeldi á laxi sé brotið á sjálfstæðum tilverurétti villtra laxastofna í náttúru Íslands sem þeir eigi skv. lögum um náttúruvernd (1. og 2. gr. nr. 60/2013) og samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni þ.m.t. erfðaauðlinda sem lífríkið býr yfir.*

Þrátt fyrir að fiskeldi geti haft í för með sér ákveðna áhættu hefur verið tekin ákvörðun um að leyfa fiskeldi í sjó héraendis þó þannig að ávallt verði þess gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskistofna. Í löggjöf um fiskeldi hefur verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Markmið laganna er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og er sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi og til verndunar á villtum laxastofnum friðað tiltekin svæði og bannað eldi laxfiska í sjókvíum sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsingu nr. 460/2004. Vestfirðir og Austfirðir falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Reyðarfjörður.

3. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um endurnýjun rekstrarleyfis til Laxa Fiskeldis ehf. í Reyðarfirði. Rekstrarleyfið heimilar 6.000 tonna hámarkslífmassa af laxi í Reyðarfirði. Rekstrarleyfið nær til kynslóðaskipts sjókvíaeldis í Reyðarfirði á þremur staðsetningu. Sjókvíaeldissvæði A inniheldur eldissvæðið Bjarg, B inniheldur eldissvæðið Sigmundarhús og C inniheldur eldissvæðið Gripaldi.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi og gildir til gildir til 2. júní 2038

Selfossi, 2. júní 2022